

Árleg skýrsla

Greinargerð um framkvæmd aðgerða.
Aðgerðir frá börnum og öryggiskönnun.

Leikskólinn Kópahvoll

Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

1. MAÍ 2025

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stöðumat með börnum	4
Aðgerðir sem framkvæmdar voru eftir hugmyndum barna	5
Réttindaráð	7
Innleiðing Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi – reynsla í Kópahvoli	9
Samantekt	10

Inngangur

Kópahvoll hlaut viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF í nóvember 2022, að okkar mati höfum við náð góðum árangri í að innleiða verkefnið inn í skólann okkar. Við teljum verkefnið vera sýnilegt á öllum deildum skólans og þá sérstaklega þegar horft er til kennara og barna. Öll samskipti bera merki um að unnið sé út frá barnasáttmálanum og borin sé virðing fyrir röddum barna og kennara. Almenn ánægja hefur verið með verkefnið hjá kennurum skólans og ekki er annað að sjá en að börnin upplifi einnig jákvæðni gagnvart verkefninu. Tenging foreldra inn í verkefnið hefur verið ágæt en þó mætti bæta þar í. Við upphaf leikskóla göngu barns er foreldrum kynnt verkefnið í samtali við deildarstóra viðkomandi deildar og leikskólastjóra. Deildarstjórar senda út vikuleg fréttabréf í tölvupósti til foreldra þar sem ýtt er undir verkefnið og oft á tíðum settar inn greinar úr barnasáttmálanum sem unnið er með í tengslum við hin ýmsu verkefni í leikskólanum.

Stöðumat með börnum

Stöðumat 2025 var framkvæmt á þremur deildum af fjórum þetta árið börnin eru fædd 2019 og 2020. Matið var tekið inn á deild eða í útiveru kennari deildar lagði matið fyrir eitt barn í einu.

Börnin eru langflest sammála um að þau fái að ráða hvar þau leika sér og með hverjum þau leika sér. Meiri hluti barnanna telja einnig að börnin séu góð hvert við annað en fimm börn af 40 börnum sem tóku þátt. Tvö börn telja leikskólann ekki vera góðan fyrir öll börn, þegar spurt er hvort hann sé góður t.d fyrir þá sem eru í hjólastól eða sjá illa eru tólf börn sem telja skólann ekki æskilegan. Þegar kemur að spurningunni um að hvort hugsað sé um þau í leikskólanum eru þrjátíu og þrjú börn sem telja svo vera. Nánast allir eru sammála um að hugsað sé vel um þau heima fyrir utan þrjú börn sem vita ekki alveg. Þegar spurt er um öryggi barnanna í ákveðnum aðstæðum að þá eru börnin langflest sammála um að þau séu örugg hins vegar kemur helst skekkja á klósetti á einni deildinni og þarf að skoða nánar af hverju sú niðurstaða kemur fram.

Aðgerðir sem framkvæmdar voru eftir hugmyndum barna

Þetta skólaárið hafa ákveðnir hlutir farið í endurmat í leikskólanum. Mikið er unnið með hugarkort, þar fá allar hugmyndir að njóta sín og auðveldara er að eiga samtál við börnin. Einnig eru hugmyndakassar inn á öllum deildum þar sem börnin geta komið hugmyndum sínum á framfæri með hjálp kennara. Lagt er upp með að skoða í kassana reglulega og fara yfir hugmyndirnar og eiga samtál við börnin og framkvæma ef hægt er. Dæmi um það sem framkvæmt hefur verið úr hugmyndakössunum, keypt hafa verið Hvar er Valli bækur og gormar, farið var í ísbúð og allir fengu ís. Einnig var óskað eftir því að fá cheerios oftár í morgunmat og er nú alltaf cheerios á föstudögum.

Þegar kemur að viðburðum í skólanum t.d útskrift barnanna, útskriftaferð, afmæli leikskólans og fleira hefur verið leitað til barnanna, hvernig þau sjá fyrir sér útfærslu á þessum viðburðum. Notað er hugarkort þar sem allir fá tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri. Í tilefni afmæli leikskólans í ár völdu börnin að hafa pizzu í hádegismatinn og súkkulaðiköku í síðdegishressingunni. Einnig ákváðu börnin að það ætti að vera hoppukastali og ís ásamt því að skreyta leikskólann.

Lýðræðið er stór þáttur í leikskólastarfinu og í haust ákváðum við að vera með matstofu fyrir börnin þar sem þau flæða í matartíma og er þá boðið upp á hlaðborð þar sem börnin geta fengið sér sjálf og valið sér sæti að eigin vali. Börnin blandast saman af öllum deildum í matstofu og teljum við það efla sjálfstæði barnanna og samskipti við öll börn og starfsfólk leikskólans.

Einnig höfum við verið að auka flæðið og samstarfið á milli deildana í leikskólanum og hefur það gengið ágætlega, þó hafa verið hnökrar á þar sem upp kom mygla í leikskólanum og þurftum við að flytja öll elstu börnin í annað húsnæði. Hvatt var til áframhaldandi samstarf á milli deilda en hefur það gengið misvel, en við sjáum fyrir okkur að ná að auka það enn frekar næsta vetur. Með flæðinu og samstarfinu viljum við gefa börnunum enn meira svigrúm til þess að upplifa og fá tækifæri til þess að nýta styrkleika sína og velja sér verkefni á sínum eigin forsendum. Með þessu sjáum við fyrir okkur að auka tækifæri fyrir kennara til þess að nýta styrkleika og áhugasvið sitt í starfinu.

Verkefnið „okkar leikskóli“ er verkefni sem Kópavogsbær hefur lagt inn í alla skóla bæjarins. Þar leggur bærinn til 1000kr á hvert barn í skólanum. Börnin eru síðan þau sem ákveða í hvað peningurinn fer. Við í Kópahvoli höfum unnið þetta verkefni með hugarkorti á hverri deild fyrir sig, þaðan eru hugmyndirnar dregnar saman og á endanum er ein hugmynd af hverri deild tekin og sett í allsherjar kosningu sú hugmynd sem fær flest atkvæði er framkvæmd. Þetta verkefni er frekar nýlegt og erum við enn að finna bestu leiðina til þess að fá fram hugmyndir barnanna sem nýtast til lengri tíma þar sem það er í raun markmiðið með verkefninu. Í ár gátum við

framkvæmt allar fjórar hugmyndirnar þar sem keyptar voru risaeðlur, bílar, trampólín og buslulaug.

Í fyrsta sinn sem verkefnið var framkvæmt kom fram hugmynd um að fá ungabarnarólu á lóðina, en ekki var hægt að framkvæma það á þeim tímapunkti. Þegar kemur að framkvæmdum á lóðinni þá verður hægt að taka samtalið aftur upp.

Greinar úr barnasáttmálanum sem tengjast:

2.Gr – 6.Gr- 12.Gr – 13.Gr – 31.Gr – 29.Gr - 42.Gr

Öryggiskönnun

Í ár var öryggiskönnunin framkvæmd með öllum elstu börnum skólans sem eru 29 talsins þetta árið. Könnunin var framkvæmd inn á deild með kennara deildarinnar með einu barni í einu.

Elstu börnin okkar hafa dvalið í öðru rými þar sem upp kom mygla á tveimur deildum í húsnæðinu, hefur þetta haft töluverð áhrif á starfið í leikskólanum og gæti þetta haft áhrif á niðurstöður öryggis könnuninnar.

Helstu niðurstöður eru að flest barnanna hafa orð á því að það er gaman að leika við vini og þau óska sér að hafa púsl, hjól og hoppukastala. Það er greinilegt að flest barnanna vita að þau eiga rétt á að fara í skóla, eiga fjölskyldu og að það er mikilvægt að vera góður við alla. Mörg tala um að þau eru glöð og það er gott að knúsa mömmu og pabba.

Þegar horft er til spurninganna þar sem spurt hvernig börnunum líður í ákveðnum aðstæðum og þau eiga að svara vel, illa eða veit ekki. Eru þó nokkrir sem svara að þeim líði ekki nógu vel í samverustund sem og í matartíma. Teljum við að hægt sé að tengja það við aðstæðurnar sem börnin og kennararnir hafa verið í vetur vegna myglunnar. En segir okkur jafnframt að það þurfi að skoða þessar aðstæður betur.

Réttindaráð

Í Kópahvoli var ákveðið að í Réttindaráði væru öll börn leikskólans þar sem við vildum að sem flestar raddir heyrðust. Þar að leiðandi er unnið með Réttindaráð í samtali á deildum í smærri hópum og mjög oft notast við hugarkort til þess að ná fram ákvörðun í hópnum. Kennari sest niður með hóp barna og hefur meðferðis annað hvort tússtöflu eða stórt blað og penna til þess að hugarkortið sé sýnilegt börnunum. Samræður eru lykilatriði í ferlinu og eru hugmyndir barnanna ritaðar á hugarkortið og tekið samtal um þær hugmyndir sem koma upp. Hugarkortið fær síðan að standa á deildinni í þó nokkurn tíma og hafa börnin tækifæri til þess að bæta í hugmyndirnar ef þeim dettur eitthvað meira í hug. Samtalið er síðan tekið aftur t.d í samverustund og þá næst jafnvel að draga hugmyndirnar saman. Misjafnt er hverju sinni hvort margar hugmyndir séu dregnar fram og þá er farið í formlega kosningu eða að hópurinn kemur sér saman um niðurstöðu.

Allar hugmyndir sem koma frá börnunum eru unnar í gegnum réttindaráð þar sem ávallt er unnið í gegnum hugarkort og með þeim hætti fá raddir barnanna að hljóma.

Greinargerð um framkvæmd aðgerða

Aðgerð 1 í aðgerðaráætlun er fræðsla fyrir starfsfólk og höfum við metið það svo að engin tímalengd er á þeim þætti þar sem við teljum nauðsynlegt að það sé ávallt verið að sinna fræðslu starfsfólks þar sem nauðsynlegt er að vera með reglulega upprifjun. Við komumst að því í vetur að gott er að fleiri en bara upphaflegir verkefnastjórar ættu að fá að taka meiri virkan þátt t.d í fundum á vegum UNICEF sem haldnir eru sameiginlegir þar sem að við teljum það skila sér frekar inn í starfið og efla starfsmannahópinn enn frekar í vinnu að verkefninu.

Síðustu þrjú ár höfum við verið með fræðslu og hópavinnu tengt UNICEF á skipulagsdögum. Í hópavinnu styðjumst við við verkefnahefti UNICEF. Til dæmis var skipt í fjóra hópa og var gátlistanum; þátttaka, umönnun og vernd svarað og niðurstöður dregnar saman.

Aðgerð 2 í aðgerðaráætlun snýr að réttindaráði skólans og höfum við breytt um stefnu þar frá upphaflegri ákvörðun þar sem ákveðið hefur verið að öll börn skólans séu í réttindaráði, hægt að lesa frekar um það í kaflanum um réttindaráð.

Aðgerð 3 í aðgerðaráætlun settum við okkur markmið um að leggja fyrir börnin stöðu-, öryggis- og innra mat. Þar sem við leggjum þetta fyrir á mismunandi tímum árs gefur það okkur góða heildarmynd af sýn barnanna. Sjá nánar í kafla um stöðumat.

Aðgerð 4 – Sýnileiki. Foreldrar fá kynningu á réttindaskóla UNICEF í upphafi leikskólagöngu síns barns. UNICEF fánanum er flaggað við leikskólann. Greinar sáttmálans og verk barnanna tengd þeim eru sýnileg á veggjum leikskólans. Deildarstjórar hafa sett upplýsingar varðandi barnasáttmálann í fréttabréf til foreldra þegar við á.

Innleiðing Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi – reynsla í Kópahvoli

Í dag er UNICEF sýnilegt öllu starfi leikskólans og er orðið nokkuð eðlilegt að tengja flest allt við barnasáttmálan og raddir barna. Lýðræðið er mjög ofarlega í Kópahvoli og er ávallt leitað til barnanna um sem flesta þætti í starfi leikskólans.

Foreldrum er ávallt kynnt verkefni UNICEF við upphaf leikskólagöngu barna sinna. Fáni UNICEF er alltaf flaggað á flaggstöng skólans og starfið sem fram fer í leikskólanum tengt verkefninu er sýnilegt. Barnasáttmálinn er sýnilegur í húsakynnum leikskólans og kennarar tengja sáttmálann við starfið. Allar deildar gera samskiptasáttmála með börnum og þarftré á hverju hausti. Fræðslu starfsfólks er mikilvægt að halda við reglulega og því höfum við sett okkur viðmið um að hafa alltaf eitthvað tengt UNICEF á öllum skipulagsdögum skólans, þrátt fyrir að mis mikill tími sé settur í verkefnið á skipulagsdögum. Einnig er mikilvægt að starfsfólk hafi ávallt aðgang að fræðsluefni sem snýr að UNICEF og sé hvatt til að kynna sér efnið og þá sérstaklega nýjum kennurum. Gott er að styðjast við efni sem hefur verið gefið út þegar kemur að vinnu með börnunum og þróa það eftir barnahópnum og kennurum hverju sinni. Verkefnabókin kemur að góðum notum sem stuðningur við innleiðingu og áframhaldandi vinnu. Frábær kostur er að geta nálgast verkefni sem snúa að kennurum til þess að fræða og halda kennurum á tánum í að tileinka sér nýja sýn. Varanlegar breytingar á starfinu í leikskólanum eru greinilegar og sjást helst á því hvað kennarar og börn eru orðin meðvituð um rétt barna og tengingu hinna ýmsu þátta í daglegu starfi við barnasáttmálann. Hlustun kennara á raddir barna er einnig áberandi í öllu starfi leikskólans.

Samantekt

Almenn ánægja er með innleiðinguna og verkefnið í heild sinni. Við erum stolt af því að ver Réttindaskóli UNICEF og teljum það hafa góð áhrif á allt starf skólans og tengjast vel við uppeldisstefnuna okkar Uppbygging sjálfsaga. Verkefnið er orðið hluti að öllu starfi skólans og sjáum við fyrir okkur að svo verði í komandi framtíð.